



Fundur í fræðslunefnd

31. fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Menntasetrinu á Þórshöfn fimmtudaginn 17.október 2017 og hófst kl 14.

Mætt voru: Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Stefán Benjamínsson, Svala Sævarsdóttir, Kristinn Lárusson, Magdalena Zadowna, Hjördís Matthilde Henrikssen og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

1. Grunnskólinn á Þórshöfn

a. Skýrsla skólastjóra

Ný heimasíða í smíðum, búið að fá tilboð frá einu fyrirtæki og mjög líklega verður samið við það.

Stefnt að gera notendavæna og einfalda síðu með tengingum inná Mentor.

Bekkjarpésar eru tilbúnir og koma fljótlega inná heimasíðuna.

Alltaf nóg að gera í skólanum, gestir, ferðir, skemmtanir og fundir

Nordplus ferð í næstu viku, fara 10 krakkar og svo allir kennarar og starfsmenn.

Búið að uppfæra allt tölvukerfið og brunakerfið. Fjarfundabúnaður kominn í gagnið.

Þórgímur Þráinsson kom með fyrirlestur, kennaranemi var í eina viku. Heimsókn frá Jöfnunarsjóði þar sem tekið var út þörf á aðstoð við nemendur.

4.-7.bekkur fór á Raufarhöfn í síðustu viku og sá leikrit frá Þjóðleikhúsinu um einelti.

Starfsmannafundur á föstudaginn sl. sem var mjög góður en á þeim fundi kom fram að margir hafa áhyggjur af almennu heilbrigði eins og svefntíma, símanotkun, matarvenjum o.fl. Því var ákveðið að hafa lýðheilsuviku í nóvember.

Byrjað er að huga að árhátíð sem verður í febrúar.

Búið er að komast í samband við pólskan talmeinafræðing til að aðstoða við kennsluráðgjöf og mat á þörf fyrir móðurmálskennslu, í bæði grunnskóla og leikskóla.

b. Akstursáætlun 2017 – 2018

Búið er að birta hana á heimasíðu skólans og náðist gott samkomulag við alla foreldra. Akstursáætlun lögð fram til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

c. Starfsáætlun Grunnskólans á Þórshöfn 2017 – 2018

Lögð fram til staðfestingar. Ásdís fór yfir þær breytingar sem hafa verið gerðar frá fyrstu drögum.

Borin upp til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

d. Tónlistarskólinn á Þórshöfn

Búið er að ráða tónlistarkennara, Louise Price, breska konu. Er væntanleg fyrst í janúar og kemur strax í fulla kennslu.

2. Leikskólinn Barnaból

a. Ársskýrsla 2016-2017 lögð fram til kynningar

Almennt gekk vel að fylgja starfsáætlun síðasta árs, nema ekki náðist að halda alla þá fundi sem skipulagðir voru. Allar ferðir og skipulagðir dagar gengur upp og starfsmenn ánægðir með áætlunina.

b. Starfsáætlun 2017-2018 lögð fram til kynningar

c. Skýrsla skólastjóra

Leikur að læra hefur tekið mikinn tíma af starfsdögum og undirbúningstíma kennara síðastliðið árið og er skólinn núna orðinn að „Leikur að læra – skóli“.



LANGANESBYGGÐ

Grænfánanum verður flaggað í þriðja sinn í nóvember. Síðast var þemað „vatn og orka“ en núna í ár er þemað „lýðheilsa“. Einnig verður rifjað upp ruslapemað frá því í hitteðfyrra.

Búið er að setja upp loftræstikerfi á Stekk til að stemma stigum við mygluáhrifum. Á að setja upp á Seli líka.

Leikskólinn hefur verið að nota app sem heitir Karellen til að vera í samskiptum við foreldra. Skipulagt að hafa námskeið fyrir starfsmenn til að auka virkni.

Allir starfsmenn fóru á Samskóladag á Húsavík 8.september og voru mjög ánægðir með hann. Gefur svo gott start á veturinn að hitta kennara úr nágrennasveitafélögunum.

24 börn eru í skólanum núna og líklegt að 2 byrji um áramót.

Starfsmenn fóru á fund með arkitekt varðandi hönnun nýs húsnæðis.

19.október er stuttur dagur í leikskólanum og þá keyra starfsmenn suður á námskeið í Leikur að læra.

Yngsta stig grunnskólans hefur einnig aðgang að efni leikskólans á LAL síðunni.

Foreldraviðtöl fyrirhuguð í næstu viku.

Talmeinafræðingur hefur verið að kenna í gegnum Skype og gengur mjög vel.

Mikil veikindi starfsfólks og mannekla hefur verið undanfarnar vikur en starfsmenn hafa leyst það farsællega.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.45